

Sextugasti og annar fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 7. júlí 2021 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Hann var auk þess í fjarfundi. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Arna Hagalínasdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein (í fjarfundi), Linda Björk Ragnarsdóttir, Magnús Rúnar Dalberg, Valborg Anna Ólafsdóttir og Árni Davíðsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og önnur leyfi.

- a) Linda Udengård f.h. Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Kvíslarskóla, grunnskóla fyrir 7. - 10. bekk að Skólabraut í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir með starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla.“
- b) Ómar Valdimarsson f.h. Samkaupa hf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir Nettó matvöruverslun, Sunnukrika 3 í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli þann 1. júní.
„Staðfest.“
- c) Ómar Valdimarsson f.h. Samkaupa hf. sækir um nýtt tóbakssöluleyfi fyrir Nettó matvöruverslun, Sunnukrika 3 í Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi fyrir smásölu á tóbaki til 4 ára samkvæmt lögum um tóbaksvarnir þann 1. júní.
„Staðfest.“
- d) Haraldur Eiríksson f.h. Hökla ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir veiðihús við Ásgarð, 276 Kjósarhreppi.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri stærra gistiheimilis samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 15. júní.
„Staðfest.“
- e) Garðar Víðir Gunnarsson f.h. Le Caviste ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir innflutning og heildverslun með áfeng léttvín, á Seltjarnarnesi.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi fyrir rekstri lítillar heildverslunar samkvæmt lögum um matvæli þann 29. júní.
„Staðfest.“
- f) Sigurður Þór Snorrason f.h. Borgar byggingalausna ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir blikk- og stálsmiði við Flugumýri 8, Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri blikksmiðju samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 7. júlí.
„Staðfest.“
- g) Jóhann Þór Magnússon sækir um tímabundið starfsleyfi til niðurrifs asbest útveggjaklæðningar af Kirkjubraut 3, Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið gaf út tímabundið starfsleyfi sem gildi frá 26. maí 2021 til 23. júní 2021 samkvæmt lögum um um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang, þann 26. maí.
„Staðfest.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

2. Umsagnir um erindi stjórnvalds.

- a) Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 29. janúar 2021 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Ása og Jón slf, kt. 610616-2160, fyrir rekstri gististaðar í flokki II tegund íbúð, fyrir Hof guesthouse að Hofgörðum 5 á Seltjarnarnesi.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 7. júní 2021.
„Staðfest.“
- b) Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 6. apríl 2021 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Guðrúnu Maríu Finnbogadóttur, kt. 200869-5919, fyrir rekstri gististaðar í flokki II tegund frístundahús, fyrir Gunnu hús að Meðalfellsvegi 14 í Kjós.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 8. júní 2021.
„Staðfest.“

3. Umsagnir um skipulag.

- a) Kjósarhreppur sendi beiðni um umsögn um breytingu á aðalskipulagi í landi Eyrarkots, dagsett 8. apríl, og um nýtt deiliskipulag í landi Eyrarkots, dagsett 12. maí.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 9. júní lögð fram.
- b) Kjósarhreppur sendi beiðni um umsögn um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvamm og Hvammsvík, dagsett 12. maí.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 10. júní lögð fram.
- c) Mosfellsbær sendi beiðni um umsögn dagsett 1. júní um breytingu á deiliskipulagi Silungatjörn.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 9. júní lögð fram.
- d) Skipulagsstofnun sendi beiðni um umsögn dagsett 31. maí um Hafravatnsveg, bundið slitlag, matsskylda.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 11. júní lögð fram.
- e) Mosfellsbær sendi beiðni um umsögn dagsett 16. júní um nýtt deiliskipulag fyrir Heytjarnarheiði L125374.
Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 25. júní lögð fram.

4. Leirvogstungumelar.

Vaka hf. kærði ákvörðun Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, sem tekin var á 60. fundi heilbrigðisnefndarinnar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Á 61. fundi var framkvæmdastjóra falið að svara úrskurðarnefndinni.
Framkvæmdastjóri sendi gögn er málið varðar og svaraði nefndinni með bréfi dagsett 15. júní.
“Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins.”

5. Starfsleyfi Brúarlands sem kennsluhúsnæði Varmárskóla.

Starfsleyfi Brúarlands sem grunnskóla útibú frá Varmárskóla rennur út þann 8. júlí n.k. og var sótt um endurnýjun starfsleyfis þann 1. júní.
Heilbrigðisnefnd barst erindi Eyrúnar Önnu Einarsdóttur, dagsett 1. júní, þar sem óskað er eftir því að Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis veiti ekki aftur starfsleyfi til kennslu í Brúarlandi, „þar sem það ætti núna öllum að vera ljóst að ekki er hægt að koma í veg fyrir rakaupptöku í innri veggjum Brúarlands, auk þess sem rakaskemmt byggingarefni hefur ekki verið fjarlægð úr þaki hússins.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Heilbrigðiseftirlit óskaði eftir athugasemdum rekstraraðila vegna erindisins. Bréf eignasjóðs dagsett 25. júní barst ásamt skýrslu OBH-gruppen um DNA greiningar í húsnæðinu dagsett 7. júní. Einnig lögð fram eftirlitskýrsla heilbrigðiseftirlits úr Brúarlandi dagsett 15. júní.

„Samþykkt að veita starfsleyfi til eins árs. Gerð er krafa um að loftræstikerfin séu í gangi öllum stundum. Setja þarf upp viðvörunarbúnað sem gefur til kynna ef slökkt er á loftræstikerfum.“

6. Ársreikningar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis 2020.

Undirritaður ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2020 lagðir fram.

7. Önnur mál.

- a) Reglugerð um sameiningu annars vegar heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu heilbrigðiseftirlits Kjósarhrepps við Vesturland var í samráði á samráðsgátt stjórnvalda til 22. júní.

Fundi var slitið kl. 19:00.